

HEIMIR

I. ÁR. ❁ WINNIPEG, MAN. 12. OKTÓBER 1904. ❁ NR. 5.

Í bóndabeygju.

Einkunn:

Líf vort er í bóndabeygju:—
Bóndinn heitir Myrkravalur,
kerling hans er kolska borin,
kotið nefnist Táradalur,
vinnuhjónin, Vani og Blinda,
vegfarendur höndla' og binda.

Oss virðist oft, er vonir kærstar sukku
í víði myrkra ára, dauðinn kyssi
með vörum köldum vorblóm náhjúp sveiptu,
og vetur grimmur mannlíf hylji' á foldu;
en ánægjan sé blóm í blómakrukku
með blöðin gul af lofti og sólar missi,
og rótin krept af kerri leiri steyptu
í kaldri, þurri, gróðursnauðri moldu. —
Svo virðist oss, því vaninn er að syrgja;
mót vori' og ljósi alla glugga byrgja.

Og það er sízt að synja fyrir stríðið
og sárin djúp, er mannlífsholdið þekja.
En spyrja má, hvort mætti' ei grynna sárin,
og móti ljósi opna glugga vora.—
En meðan þér ei lífsins lögmál þýðið
og leitist ekki gleðirós að vekja,
en metið öllu meira eymdatárin
sem meðlag yðar lífs til sælli spora,
þá verður myrkrið vörður dýflissunnar
og vegabréfið skræður löngu brunnar.

Þér snökkið, grátið! Hvergi' er fundinn friður
 gegn falli synða', er nornir mönnum gölu
 sem vögguljóð, og vel oss síðan geymist
 í vasa klerks í helgidagaspjörum. —
 Í djúpri lotning hengt er höfuð niður,
 sem hræðist þér að líta móti sólu;
 sem óttist þér, að maðksins myndin gleymist,
 ef moldin er ei kysst með fjálgleiksvörum.
 Því fyrirgefning fast með því að skæla;
 því fleiri tár, þess meiri himnasæla.

Það var og er. Það verður samt að breytast,
 og vanans nótt skal hverfa fyrir sólu.
 En vegabót á dimmum dauðans leiðum
 þeim dauðu verður eftirlátin sjálfum.
 Því sanni' er nær, að lífið ætti' að leitast,
 að leysa dag úr fjötrum alda njólu
 og sumra láta' á sínum eigin heiðum,
 en sandinn flétta' í reipi' í dauðans álfum.
 Að vega salt með sorg í tárageimi,
 mun seint að gagni koma' í öðrum heimi.

ÞORST. Þ. ÞORSTEINSSON



RÆÐA

FLUTT Á SAMKOMU KVENNFÉLAGS UNITARA Á NORTH WEST HALL
 13. SEPT. 1904.

EFTIR

STEPHAN THORSON.

Háttvirtu forseti! Heiðraða samkoma!

Nú er sumarið liðið. Haustið er komið, og veturinn að
 nálgast. Þeir eru færri, sem er það gleðiefni, að veturinn er að

koma; þeir eru færri, sem fagna yfir því, að sumarið er liðið.— Það er svo náttúrulegt, að vér fyllumst söknuði, þegar vér eigum að sjá sumrinu á bak með þess löngu og björtu dögum og þess fagra náttúruskruði. En það eru ekki allir, sem hafa jafn mikla ástæðu til að kvíða komu vetrarins. Þeir sem búa í rúmgóðum og hlýjum húsum, hafa nóg af brenni í ofninn og nóg af olíu á lampann, sem sagt hafa nóg að bíta og brenna, þeir hafa ekki ástæðu til að kvíða vetrinum eins og þeir, sem neyðast til að búa í þröngum og köldum kofum, og hvorki hafa brenni í ofninn né olíu á lampann. Þó hefir máske enginn eins mikla ástæðu til að óttast komu vetrarins eins og ferðamaðurinn. Eg man vel eftir því heima á Fróni, þegar eg vissi það fyrir fram á haustin, að eg átti eina eða fleiri langferðir fyrir höndum á hinum komandi vetri, þá kveið eg fyrir, og eg held, að það hafi ekki verið að ástæðulausu. Það var afarmikill munur á því, að ferðast á sumrum eða á veturnum heima á Íslandi. Á vorin eða fyrri part sumars, þegar dagurinn var langur en nóttin stutt — meira að segja alls engin nótt heldur allt af dagur — oft heiðskýrt og nærri aldre ei þoka, þá var sönn unun og nautn í því, að vera á ferð, og þá var ekki mikil hætta á því, að maður glataði veginum. En eftir því sem leið á sumarið, og dagarirnir fóru að stýttast og nóttin að lengjast, eftir því fór þessi nautn þvefandi og á haustnóttum var hún horfin með öllu. Og slíkt var eðlilegt. Þá var dagurinn orðinn stuttur, en nóttin löng, þá var von á illviðrum, — hríðum með stormum eða loðmollufjúki með þoku.

Leið ferðamannsins lá oft eftir heiðarflákum, þar sem hann þurfti að þræða veginn milli brunahrauns á aðra hönd, brunahrauns, sem engin lifandi vera, er ekki gat flogið, komst yfir, en gilja og gljúfra á hina; eða þá að leiðin lá eftir mýrarflóum, þar sem náttúran hafði sett tjarnir hingað og þangað og mennirnir grafið mógrafir, og annaðhvort af skeytingarleysi eða vanþekkingu ekki rutt ofan í þær aftur. Það var ekkert gaman að ferðast þessa vegi: yfir heiðina, þar sem brunahraunið lá á aðra hönd en gilin og gljúfrin á hina, eða þá yfir mýrarflóann og eiga að þræða á milli tjarnanna og mógrafanna, þar sem engar götur voru nema sauðaslóðir, er ýmist lágu frá eða að fjárhúsunum; — og þótt óneitanlega væri betra að hafa náttstað í sauðhúsum en

úti á víðavangi, þá voru þau þó ekki mannaþýli og ekki hinn tilætlaði áfangastaður.

Þegar svo þar við bættist, að illviðri var, hríðar og stormur eða loðmollufjúk og þoka, þá var gott að vera vegvís. En þó var ekki mesta hættan innifalin í því, að þurfa að ferðast yfir heiðina með brunahraunið á aðra hönd en gljúfrin á hina, eða yfir mýrarnar þar sem tjarnirnar og mógrafirnar voru eins þéttsettar og kýli á bóluveikum sjúklingi, og ekki heldur í því, að vera á ferð í hríð eða þoku og fjúki, heldur var hún aðallega í því fólgin, að á þessum stöðvum höfðu vanalega verur nokkrar bólfesti, sem kallaðar voru ÚTBURÐIR.

Uppruna þeirra var þannig háttað, að þetta voru börn, sem getin voru í meinum, og foreldrin höfðu annaðhvort til að firra sig vanvirðu eða þá til að losa sig við ómegð fleygt þeim í bruna hraunið, sem enginn gat komis yfir, eða ofan í gljúfrin, er enginn reyndi að klifra niður í, eða þá í tjarnirnar og mógrafirnar, sem æfinlega voru fullar af vatni, for og slími. Þessi börn dóu auðvitað, en einhver óhreinn andi tók sér bústað í líkõmunum og hélt svo til á þeim stöðvum, þar sem barnið var borið út. Það var ekki sjáanlegur neinn tilgangur tilveru þessara anda annar en sá, að villa ferðamanninn. Þeir voru aldrei á kreiki, nema þegar vont veður var. Undir eins og fór að syrtu í lofti, þá byrjuðu þeir að væla, og væl þeirra voru framúrskarandi leiðinleg, svo að útburðarvæli hefir ætíð verið viðbrugðið. Og eftir því sem illviðrissortinn óx og færðist yfir loftið, eftir því vældu þeir hærra og leiðinlegar. Þeir hoppuðu á öðru hnénu og öðrum olnboganum og krosslögðu framan á sér aðra löppina og annan handlegginn. Þannig hoppuðu þeir á veginum fyrir fram- an ferðamanninn til þess ef ske kynni að hann hörfaði aftur á bak, eða þeir voru á hlið við hann, svo hann skyldi hröklast út af veginum og tapa stefnunni, en sérstakar tilraunir gjörðu þeir til þess að komast í kring um ferðamanninn, og ef þeim tókst það einu sinni, þá varð maðurinn villtur, en ef þeim tókst það þrisvar sinnum, þá varð hann vitlaus, og urðu þá oftast þær afleiðingar, að hann fannst, þegar hríðinni létti, lærbrotinn eða handleggsbrotinn úti í hrauninu eða niðri í gljúfrunum eða þá drukknadur í tjörnunum eða mógröfunum. En það var einkenni

á öllum, sem útburður hafði annaðhvort villt eða vitskert, að þeim varð öllum illt, þegar þeir sáu ljós. Hið eina ráð til þess að útburðurinn ekki hefði nein áhrif á mann var það, að ganga beint áfram og hika ekki hót, þótt hann væri að hoppa á veginum fyrir framan mann eða á hlið við mann, og ef maður gjörði slíkt, þá yfirgaf hann menn fljótlega; en ef maður hörfaði eitt skref aftur á bak eða til hliðar, þá var hættan vís. Ístöðulitlum mönnum var því meiri hættu búin, heldur en þeim, sem hugrakkir voru. Það var líka til aðferð að lækna þá, sem útburður hafði vitskert, og hún var sú, að fylgja hinum vitskerta þangað, sem útburðurinn hafðist við, og velja til þess nógu vont veður, svo hann væri á kreiki, fylgja svo hinum vitskerta manni þrisvar í kring um útburðinn, og þá lagði hann á flóttu, en brjálsemin hvarf af mannum. En slíkt verk var ekki heiglum hent; það var ekki fyrir vesalinga að eltast í illviðri við útburði með brjál-uðum mönnum. Það útheimti bæði þrek og kjark. En ef maður vildi koma í veg fyrir, að þeir gerðu vegtarendum mein framvegis, þá þurfti maður að elta þá, þegar þeir lögðu á flóttu, og elta þá viðstöðulaust, og ef svo var gert, þá hlupu þeir að síðustu upp í kjöltu móður sinnar, ef hún var lifandi, en á leiði hennar, ef hún var dauð; og eftir það gjörðu þeir lítið mein af sér.—

Öll erum við ferðamenn, og ferðinni verðum við að halda áfram viðstöðulaust, hvort heldur að vegurinn er greiður eða ógreiður, eða veðrið blítt eða strítt. Leið okkar flestra ef ekki allra liggur stundum eftir heiðunum, þar sem brunahraunið er á aðra hönd og engri lifandi skepnu fært yfir, sem ekki kann að fljúga, en gljúfrið á hina, sem fáir geta litið ofan í án þess að sundla; eða þá að leiðin liggur eftir mýrarflóanum, þar sem náttúran hefir skapað tjarnir en mennirnir mógrafir, og þar sem engar götur eru utan sauðaslóðir. Og þar sem heiðarnar og mýrarflóarnir eru svo margir og veturinn er í hönd, og að öðru hverju hríðar eða fjúk og þoka, þá hljótum við stundum að ferðast þessar leiðir í vondu veðri og dimmu. En það er fyrir okkur hér öldungis eins og það var fyrir okkur heima; aðalhættan er ekki fölgin í því, að vegurinn sé torsóttur eða veðrið vont, þótt þetta hvort fyrir sig sé ærið hættulegt, heldur er hættan aðallega fölg-

in í því, að á þessum stöðvum hafast við útburðir, því við höfum þá hér með nákvæmlega sama eðlisfari eins og þeir voru heima. Útburðirnir hér hafa bólfesti á heiðinni, þar sem brunahraunið er á aðra hönd en gljúfrið á hina, og þeir halda til á mýrarflákönunum, þar sem náttúran gróf tjarnirnar og mennirnir mógrafirnar; og þegar dregur upp illviðrisský— það þarf ekki að vera nema ofurlítill kosningablíka— þá fara þeir að væla, og væl þeirra er alveg eins leiddinlegt eins og útburðarvælið heima á Fróni. Og tilgangur tilveru þeirra hér sýnist ekki vera annar en sá, að villa ferðamenn, eins og þeir gjörðu heima. Útburðirnir hér hoppa á öðru hnénu og öðrum olnbogunum, og þeir hoppa fyrir framan ferðamanninn til þess, að reyna að koma honum til að hopta á bak aftur, og þeir hoppa á hlið við hann til þess, að koma honum til að haltra til hliðar, og þeir reyna einnig aftur og aftur til þess, að komast í kringum hann, og takist þeim það einu sinni, þá verður maðurinn viltur, en takist þeim það þrisvar, þá verður hann vitstola, og verða þá oft og tíðum endalok þessara manna lík endalokum þeirra manna, sem „komast í tæri við“ útburði, að þeir finnast, þegar hríðinni léttir, lærbrotinir eða handleggsbrotinir í hrauninu eða gljúfrinu, eða þá drukknadir í tjörnunum eða mögröfunum. En ef þeir komast af lifandi, þá verður þeim illt, þegar þeir fyrst sjá ljós.

Hið eina ráð til að varna því, að þessir útburðir villi menn eða vitskerði, er það að ganga beint áfram, þó þeir sé að hoppa á veginum fyrir framan menn, og hvorki hörfa aftur á bak eða haltra til hliða, því gjöri maður slíkt, þá er ógæfan vís.

Það er hörmulegt að vita til þess, hversu marga þessir útburðir hafa villt, og hversu marga þeir hafa gjört vitstola; þeim hefir svo undra oft tekist að hoppa þrisvar sinnum kringum svo marga, og vér þekkjum þessa menn á því, að þeim verður öllum illt í fyrsta skifti, er þeir sjá ljós. Skylda okkar er því sjálfsögð sú, að gæta sjálfra vor fyrst og fremst, og vara aðra við hættunni, og líka sú, að ráða bót á meinum þeirra manna, sem útburðirnir hafa vitskert, og til þess er að eins eitt ráð, nákvæmlega það sama, sem gjört var við menn í samskonar kringumstæðum heima á Fróni, n. l. að fara með hinum vitstola manni þangað, sem útburðurinn hafðist við í nægilega vondu veðri svo

hann væri á kreiki, og komast þrisvar sinnum kringum hann. Og takist manni það, þá rennur hann á flóttu og brjálsemi mannsins hverfur. En svo að útburðirnir ekki gjöri frekara mein, þá er nauðsynlegt að elta þá þegar þeir leggja á flóttu, og elta þá viðstöðulaust, munu þeir þá leita skjóls í kjöltu móður sinnar, ef hún er lifandi, en á leiði hennar, ef hún er dauð.

Að fylgja vitstola manni í vondu veðri þangað, sem útburðir hafast við, er óskemmtilegt verk og alls ekki öllum fært, en „fleira verður að gjöra en gott þykir“, og það er engu léttara eða skemmtilegra að elta þá heim til sín, því það eru ef til vill margar brattar brekkur upp að fara, og móðir þeirra býr máske á efsta tindinum. Það er heldur ekki óhugsandi, að einhver þeirra hlaupi alla leið austur til Jórsala og leggist þar á leiði Kaifasar. En hvar svo sem þeir nema staðar, þá munu þið komast að raun um, að þeir, rétt eins og stéttarbræður þeirra á Íslandi, hafa að uppruna til verið getnir í meinum.

Félagsmálin.

I.

Heldur þokar áfram en aftur á bak frjálstrúarmálum meðal vor Íslendinga, hversu sem reynt er að þagga þau niður og tálma þeim.

Þótt blöð vor hafi gengið í bindindi með, að segja almenn- ingi frá nokkru, sem gjörist í þá átt, þá virðist samt svo, að hin frjálsslynda skoðun sé nú að ná meira og meira haldi á hugum manna. Það er og líka eðlilegt. Með vaxandi þekkingu hlýtur sjóndeildarhringurinn að stækka til allra hliða jafnt, og hvorki fæð eða fámælska getur varnað þess. Það hefir verið álitnið eitt- hvert hið mesta snjallræði til þessa, að halda Íslendingum frá, að kynnast nokkrum trúarbragða skoðunum að undan skildum þeim einu (lúthersku), er þeir hafa verið lagalega skyldaðir til að hafa, þar til þeir komu til þessa lands. Með því hefir verið álitnið að þeir yrði aldrei annað en lútherskir. En það er nú að koma upp úr kafinu, að slíkt ætlar ekki að verða einhlítt. Það

fer að þurfa einhvers meira með. Það skylduverk, sem blöðin hafa ekki af hendi leyst, hefir verið unnið af einstaklingum norðan og sunnan landamæraanna, og eru þeir menn þegar svo kunnir orðnir, að vér þurfum ekki að nafngreina þá. Það hefir og verið nú í seinni tíð mikil trúarleg uppvakning heima á Íslandi, og það hefir hjálpað ekkert smálítið til þess, að ryðja trúarbragðalegri þekkingu og frelsi braut á meðal vor.

Það er ekki svo að skilja, að vér viljum lítilsvirða þá viðleitni, er sum blöð vor hér hafa sýnt í frelsisáttina, bæði í andlegu og efnalegu tilliti. Það er langt frá. Þau eiga þakkir skildar fyrir það, sem þau hafa gjört í þá átt. En það nær að eins allt of skammt. Vér minnumst þess ekki, að hafa nokkurn tíma séð nokkra trúmálastefnu skýrða í nokkru íslenzku blaði hér vestan hafs, er nú er við líði, nema „vora elskulegu barnatrú“, og það hlýtur að stafa af því, að blöðin taka sér til fyrirmyndar það, sem sízt skyldi— kanadisku dagblöðin.

Þegar út af því vanalega hefir brugðið, og eitthvað verið minnst á frjálslyndar hreyfingar á meðal vor frá hálfu blaðanna, þá hefir það verið eitthvað svo kraftlaust og með svo miklum erviðleikum, líkast og verið væri í vafa, hvort þetta væri óhætt; hvert engin ónotaleg eftirköst kynni nú ekki að fylgja. Blessunin; sem lögð hefir verið yfir allt framsóknarstarf vorra beztu manna, hefir að öllum jafnaði verið líkust „spítala“ signingunni „með hálfdaðri hendi.“ Það er þó óhætt um það, að margt óþarfara mál hefir verið rætt, en þó farið væri til verks og skýrt fyrir mönnum á samvizkusamlegan og hógværan hátt kenningakerfi hinna ýmsu prótestantisku kyrkna. Menn hefði þá ljósari hugmynd um, hverjar kenningarnar væri, og sannleikurinn ætti ekki að þurfa að bíða tjón við það. Það er, hvort heldur sem er, ómögulegt að varna þess, að Íslendingar verði hinna ýmsu kyrkjudeilda varir, eftir að hingað kemur, og þeir mættu þá eins vel fá að vita um leið, hverjar þær væri.

Það er mikið farið út í stjórn-mál. Það er ritað um þau frá ýmsum hliðum. Það er rætt um þau frá ýmsum hliðum. Slíkt er þarflegt og gott; en það eru fleiri mál en stjórn-mál, er snerta félagslífið. Það er rætt og ritað um barsmið og barnahýðingar, slefsögur og nágrannakrit út til sveita, og er það í alla staði sví-

virðilegt og mönnum til skammar og háðungar. En það er gengið framhá hugmyndum þeim, sem ríkja og ráða í sálarlífi mestu framfara þjóða heimsins, eins og vér hefðum ekkert af þeim að læra.

Allir vita, að Englendingar, að Frakkar, að Þjóðverjar (að miklu leyti) eru ekki fylgjendur lúterskrar kenningar, og vér vitum ekki nema einmitt í trúarbrögðum þeirra, lífskoðunum þeirra liggja krafturinn fólgin, er gjörir þá að miklum þjóðum. Það væri ekkert úr vegi, að vér reyndum að komast eftir því. Meðal þeirra eru hinar trúarbragðalegu rannsóknir lengst á veg komnar og til þeirra er sótt það lítið ljós vér höfum í þeim efn-um, bæði heima og hér. Til skóla þeirra sækjum vér alla vora uppfræðslu hér í landi og sjálfir skapa þeir það félagslíf, sem umkringir oss á allar hliðar og vér erum að verða meira og minna snortnir af. Fyrir vort leyti skiljum vér ekki, að það sé í nokkru betra að vera óafvitandi dregnir inn í þessa vest-rænu menningarstrauma, sem hér eru ríkjandi, og það án þess vor eigin persónuleiki fái að njóta sín á nokkurn hátt, heldur enn kjósa hinn kostinn, að læra fyrst að þekkja, um hvað sé að velja, og fylgjast svo með, sjálfum sér meðvitandi, hvað sé verið að gjöra og hvert sé verið að fara. Það er óvíst, ef sá kosturinn væri valinn, að vér þyrftum að verða aftastir í hópnum. Oss finnst það nokkurn veginn víst, ef sú stefna væri tek-in, að þá um leið þyrftum vér ekki frammar að bera blygðun fyrir samlanda vora, að þeir fyllti þá hópa trúarbragðalegra skrælingjaflokka með ópi og háreysti úti á gatnamótum. Það, sem hin úнитарiska stefna hefir alla jafna haldið fram, er, að menn skuli fyrst kynna sér málavextina, áður en þeir láta lesta sig saman.

II.

27. Sept. síðastl. lagði herra Guðmundur Árnason af stað héðan úr bænum austur til Meadville, Penn. til þess að byria á guðfræðisnámi við prestaskóla Unitara þar í bæ. Kveldið áður en hann lagði af stað hélt kvenfélag hins fyrsta unitariska safnaðar honum samsæti að heimili þeirra hjóna Friðriks og Sig-ríðar Swanson. Ýmsir fluttu ræður við það tækifæri og heilla-óskir voru almennar frá öllum, er viðstaddir voru. Við burt-

för Guðmundar missa félagsmál vor Íslendinga í bráð öflugan stuðningsmann og öruggann. Hann var einn af safnaðarfulltrúum Unitarasafnaðarins og skrifari hins unitariska kyrkjufélags. Enn fremur var hann einn af aðalmönnum Good Templarafélagsins. Í útgáfunefnd „Heimis“ er hann og einnig, og er það því „Heimi“ einkar ljúft að biðja honum allra fararheilla og blessunar í framtíðinni.

Guðmundur hefir að eins verið hér í landi um 3 ára tíma, en þeim tíma hefir hann verið vel, bæði sér og öðrum til gagns. Framkoma hans í öllum málum hefir verið hin einarðlegasta og þrúðmannlegasta, og jafnan hefir hann borið hinar unitarisku skoðanir fyrir brjósti í öllu því, er hann hefir gjört eða sagt. Áður en hann kom hingað til lands átti hann öflugan þátt í hinni unitarisku hreyfingu, er hafin var á Seyðisfirði nú fyrir nokkrum árum síðan undir umsjón Sigurðar sál. Einarssonar, sem héðan kom að vestan. Það mál er honum því ekkert nýtt, og væntum vér því hins bezta frá honum í framtíðinni.

Guðmundur er fæddur að Munaðarnesi í Mýrasýslu við Borgarfjörð 5. Apríl 1880. Foreldrar hans voru þau Árni Þorláksson, sem enn er á lífi, og Helga Kjartansdóttir, sem nú er dáiin fyrir nokkrum árum. Föðurætt hans er öll úr Gullbringusýslu, en móðurætt borgfirsk. Guðmundur ólst upp með foreldrum sínum að Vatnsleysuströnd í Gullbringusýslu, unz hann var 18 vetra, þá flutti hann á Seyðisfjörð. Þaðan flutti hann svo alfarinn hingað vestur í Októbermánuði haustið 1901.

Skólamenntunar naut hann á Íslandi fram yfir það, sem almennt gerist, lærði þar bæði ensku og skandinavisku málin og hinar almennu barnaskóla greinar. Hann mun hafa útskrifast af búfræðisskólanum á Eiðum og verið nokkurn tíma á Möðruvöllum.

Hér í bænum stundaði hann nám við verslunarskóla bæjarins; auk þess tók hann tímakennslu í ýmsum öðrum greinum.

Hann gerir ráð fyrir að verða við skólann eystra um fjöggra ára tíma, en á þeim tíma vonumst vér eftir að fá að njóta starfa hans yfir sumar fríin, til þess að hjálpa áfram málum vorum hér og gjöra annað er hann má oss Íslendingum til gagns og gengis.

III.

Það eru nú nærri þrjár mánuðir síðan Heimir Lyrjaði að koma út, og, eins og lög gera ráð fyrir, hefir hann verið sendur til allra íslensku blaðanna hér vestra og í Evrópu sem skifti-blað. Nokkur austan-blöðin hafa þegar svarað í sömu mynd og þar á meðal „Eimreiðin“, eins og hennar var von og vísa. En þrjú vestan-blaðanna hafa sýnt þá ókurteisi, að neita skifti-unum. Þau eru „Sameiningin“, „Aldamót“ og „Vínland“. Vér áttum ekki von á, að „Vínland“ mundi verða eitt í þeirra tölu, því það álit hefir komist inn hjá mönnum, að Þórður læknir Þórðarson væri að minsta kosti svo frjálsslyndur, að hann mundi ekki gera sig sekan í slíkri ókurteisi og aulaskap, þar sem og líka að hann er menntaður maður. En máske það sé með „Vínland“ eins og „séra Baldvin mág minn“, að það horfi í kostnaðinn, því hver vill halda sínu. Sé svo viljum vér fyrir-gefa það, enda væri sú ástæðan merkari hinnu, að þeir skifti ekki af því, að „Vínland“ væri lúterskt klikkublað.

„Aldamót“ voru send oss—til kaups. Ritstjórinn gerði út mann hér vestur um strætinn að selja þau, og keyptum vér eitt eintak að eins vegna mannsins, er var að selja, sem mörgum er að góðu kunnur. Vér höfum því „Aldamótin“ samt, en því viljum vér lofa, að verði ekki betra hið næsta hefti þeirra, munum vér ekki kaupa þau framvegis, jafnvel þótt sami maður hafi þau til boðs næst. Einnig höfum vér hugsað oss, að minnast þeirra með nokkrum orðum við hentugleika.

„Sameininguna“ höfum vér ekki séð, og jafnvel án hennar búumst vér við að reyna að halda Heimi áfram, fyrst hún ekki fæst með góðu. Ef ritstjórinn hefði viljað senda oss hana, hefðum vér verið honnm þakklátir fyrir, eins og vér erum hinnum blöðunum þakklátir fyrir skiftin, því bæði Magnús Pálsson og B. L. Baldwinson eiga þakkir vorar skilið fyrir greið skifti og vingjarnlegar viðtökur á Heimi, eins og „Freyja“, „Baldur“ og heima blöðin. En í stað þess að svo væri, höfum vér heyrt, að ritstj. Sam. hafi tekið „Heimi“ fyrir texta að samsætisræðu, er hann flutti nú fyrir skömmu í kyrkjuni, og hrópað hann og þá, sem að honum standa, formælingum og banni. Þessháttar

aðferð er ekkert ný innan hans félagsskapar, en hún er algjörlega að missa máttinn, og hefir verst úhrif á þá sjálfa, sem henni beita.

„Íslenzkur Únítari.“

Í Septemberblaði Sam. er löng ónotagrein til meistara Eiríks Magnússonar í Cambridge. Greinin á að vera svar móti ritgerð er meistari E. M. ritaði í Verði Ljós í Maí í vor um biblíu rannsóknir og þær undirtektir, er þær hafa fengið hér vestra í kyrkjufélaginu lúterska. Sam. ritstj. er meistara E. M. gramur fyrir það, að hann skuli dífast að segja, að þeir prestarnir hér „skipi fáfræði til herra sætis en djúpsettum lærdómi og heilbrigðri skynsemi, er þeim þykir hvortveggja fara í bága við samþykktir og setningar kyrkjunnar“, og geta um í því sambandi „sannleikabrennur kristinnar kyrkju.“ Vér erum ekki allveg vissir um, að almenningur hér vestra álíti þessi orð eins mikil glapmæli, og ritstj. Sam. virðast þau vera, og það er nær oss að halda, að jafnvel innan kyrkjufélagsins lúterska myndi þau verða undirskrifuð af mörgum manni sem réttmæt og sönn.

Vor á meðal hér vestra vitum vér það mjög vel, að annaðhvort er það „fáfræðin“ eða eitthvað enn verra, sem tyllt er upp á hæsta tróninn. Sannleikabrennur kyrkjunnar hafa nú í seinni tíð heldur farið í vöxt, þótt ef til vill sé ekki lengra gengið í því efni en áður var, þá er þó sá munurinn á, að menn ganga nú að því með opnum augum, sem áður var þeim að mörgu leyti hulið.

Það er fyrir lífs löngu búið að benda á „hin helgu svik“, er tíðkuð hafa verið, svo menn vita vel, í hverju þau eru fólgin.

Það er fyrir löngu búið að benda mönnum á barnaskapinn og mótsagnirnar í því, sem álitid var óyggjandi sannleikur, svo það er ekki þess vegna, að menn eru dregnir á talar, heldur er það vegna ýmissa annara ástæða, er engu eru sæmilegri en blátt áfram einfeldni og heimska. Og nú um nokkur undanfarin ár hefir mönnum gefist kostur á, að kynna sér niðurstöðu fræði-

manna innlendra og útlendra í bibliúrannsóknarmálinu. Innlend tímarit og blöð hafa haft það mál með höndum nú í síðastliðin 20 ár, og það er fyrst nú farið að verða minna umræðuefni en það áður var, af því niðurstaða þessara rannsókna er álitin margsönnuð, og því þýðingarlaust að ræða hana lengur.

„Sannleika-brennurnar“ eiga sér því stað hér á meðal vor. Menn vita, hvað er satt og hvað er ósatt. Menn vita, hvað er sennilegt og hvað er ósennilegt, en þrátt fyrir það er sannleikurinn genginn á bug. Það er það einkaleyfi, sem kyrkjan hefir eignað sér hér að láta það liggja á milli hluta, að særa ekki eða áreita sannfæringu manna með því, að heimta af þeim neina vissa játningu aðra en þá, að þeir séu flokksins og hjarðarinnar. Ekkert annað er látið koma þar við. Sögulegt kyrkjulíf vor Íslendinga er hreinasti og beinasti „Institutionalism“ með öllum sínum öfgum og ókostum, er honum hafa fylgt frá alda öðli og eilífðar dögum. Hvað, sem kemur upp utan kyrkjunnar, er göjrt tortryggilegt og svívirt og svert með öllu móti. Menn og málefni eru þar látin lúta hinum sömu lögum. En hvað sem innan hennar vébanda er, það er hafið til skýja með háreysti og ópi. Það er ekkert „humbug“ of stórt, engin gifurmæli of digur, engin heimaska of opinber, að ekki sé allt þetta brúkað til þess að trumba það yfirskyn almenna álitsins, sem sagt er að ríki hér, um veldi og víðáttu kyrkjunnar.

En svo er það ekki það, sem vér vildum aðallega athuga, heldur eitt af hrópyrðum þeim, er koma fyrir í greininni og ritstjórnin velur meistara Eiríki. Það er orðið „Íslenzkur Unitari“. Ritstj. vill, að það skiljist sem hið versta nið, er hann geti honum rist. Vitaskuld er það vafamál, hvort honum tekst að gera almenningi út í frá ljóst, í hverju ámæli þessa orðs sé fólgið, því eftir því sem hvortveggja flokkarnir eru kynntir hér, þá myndi það frekar talið hrós en last að vera „Unitari—Íslenzkur Unitari“, en samt er það eitt af margítrekuðum tilraunum hans, að gera það nafn tortryggilegt og rangfæra stefnu þeirra trúarbragðaskoðana á meðal vor.

Eftir fjórtán ára starfsemi hins unitariska safnaðar hér í bænum er mörgum manni enn þá ókunnugt um það, hvað það sé, að vera Íslenzkur Unitari, vegna þess þeir hafa verið hæddir

og þíndir til þess, að koma þar aldrei nærri, er unitarískar skoðanir væri hafðar um hönd. Innan vorrar lútersku kyrkju hefir ekki á öðru gengið en endalausri svertingu þessara mála. Unitörum hefir verið borið alt illt á brýn. Þeir eiga að vera menn, sem séu í uppreist á móti guði, lánlausir, trúlausir, verri en heiðingjar. Svo langt ganga brigzlyrðin, að þeir eiga að vera komnir svo langt út frá sínu rétta og náttúrlega eðli, að þeir einu sinni giftist ekki, og þá fer nú mörgum að verða nóg boðið og renna kalt vatn á milli skinns og hörunds, er á það hlusta, einkum jórturkerlingum séra Jóns, er vikulega gifta og segja í sundur með öllum ógiftum persónum bæjarins.

Vér þurfum ekki að hrekja neitt af þessum ámælum, því þau eru öll sjálfhrakin. Þau eru þessar sínu nýmóðins „sannleiksbrennur.“ En það er að eins eitt, er vér vildum minna ritstjóran á, að hann skuli ekki leika sér að því, að kasta hnútum til vor Unitara í þeirri von, að það sé enginn til, er sent geti hnútum þeim til baka. Flokkurinn er ekki eins fámennur og fyrirlitinn, og ritstj. í hjarta sínu óskar, að hann væri. Hann getur launað fyrir sig og framborið sitt offur á hentugum tíma.

Ofsóknir.

Fullkomin og einlæg trú endar ætíð á ofsóknum. Strax og það er álitid hróplega ranglátt, að hegna mönnum fyrir það, að þeir hafa sérskildar skoðanir, er efinn kominn til sögunnar, hversu óneitanlega sönn sem trúin kann að vera í sjálfu sér. — Hugmynd ofsóknarinnar nær jafnt til allra handa í mannfélaginu. Sé það lífsnauðsynlegt mannfélaginu til viðhalds, að taka mann af lífi fyrir drápsgirnd hans á lifandi líkómum manna, eða gera hann sekan fyrir stuld á því, er viðhaldi þeim og veitti þeim uppeldi, óendanlega nauðsynlegra yrði það þá, að lífláta, að gera landræka, að fjötra þá, sem vér vissum með sanni að væri að eyðileggja sálir hinna fávísu eða ræna þá þeirra dýrmætastu fjársjóðum. En það er vegna þess—hvað sem vér viljum um það segja—Það er vegna þess, að vér vitum það ekki, að vér erum ekki vissir á, hvort þeir séu að fremja þvillk

verk, og þess vegna skirrumst vér þeirrar ábyrgðar, að ofsækja þá og lífláta, þar sem vér höfum ekkert sterkara til að styðjast við, en óvissu eina.

JAMES ANTONY FROUDE.

Stundum eins og sólskinsblettur, er líður sem vindblær yfir þenna þokuvafða heim, stundum eins og skuggi eins einasta skýs á hinu mikla geislahafi alheimsins. Hvort heldur er þetta líf? Hvort heldur er það, eins og saxneska skáldið sagði, sem farfugl, er flýgur inn í skálann framan úr myrkrinu og jafn-skjótt aftur út í myrkrið? Eða er það skuggi í ljósheiminum, er aldrei getur stigið út fyrir skuggann sinn?

Sumir segja að ekkert ljós sé til í sjálfu sér. Geimurinn, loftið bláa, sem vér horfum upp í—svo ómælilega langt út í — burt héðan af þessari jörð, sé að eins eitt ómælanlegt myrkur. Aðrir segja nei, það sé eitt ljóshaf. Þar lýsi sól af sól og stjarna af stjörnu. Undir þessar ræður safnast menn og hlusta. Meðan brosir sólin ýmist í heiði eða felur sig á bak við ský. Meðan þýtur vindurinn og gnauðar við gluggana yfir hvíflurúmum þeirra lifendu, sem beri hann kveðju frá hinum horfnu ströndum, og blæs á reyrstráin, er vaxið hafa upp af gröfinni. Meðan fýkur moldin og jafnar allt,—öll sporin, er stigin hafa verið í sandinn. Meðan deyr kvöldroðinn í vestri og fellur eins og andvana lík ofan í—hafið.

Það er grafið.

Um leið og vér sendum út þetta 5. númer Heimis, viljum vér biðja þá af útsöluönnnum vorum víðsvegar út um bygðirnar, sem ekki hafa enn gjört oss nein skil, að senda okkur nöfn þeirra, er gjörst hafa áskrifendur, ásamt því er þeir hafa innheimt fyrir þá. Vér þökkum öllum þeim, sem greitt hafa götu Heimis og vonumst eftir að geta látið hann þroskast upp á við og séð um, að hann verði ekki vonbrigði þeim mörgu, er hafa eða ætla sér drengilega að styrkja hann.

663 Furby St. Winnipeg, Man.

B. PÉTURSSON, Business Manager.

Skiftiblöð og tímarit.

Eimreiðin, X. ár, 3. hefti, er nýkomin. Innihald hennar er: UM SKATTMAL ÍSLANDS eftir Jón Krabbe, mjög góð ritgerð frá hagfræðislegu sjónarmiði. Þar eru margar eftirtektaverðar bendingar viðvikjandi skattaálögum Íslands og jafnvel efnahagslegu ásigkomulagi sjálfs höfuðstaðarins, og segir höfundurinn 40 pr. ct. af virðingarverði allra bygginga þar í skuld; sumar þeirra veðsettar fyrir hærra láni en virðingarverð þeirra er. Tvö kvæði eftir SCHILLER: KVENGÖFGI og VONIN, þýdd af St. Th. KONRÁÐ MAURER, eftir Dr. H. R. H. Buerger með fjórum myndum af gamla Íslands fornvininum. KRISTINDÓMSDEILUR Í FORNÖLD eftir J. L. Heiberg, þýtt af Sigurði Guðmundssyni, mjög svæsin ritgerð í garð kristninnar, og mundi hafa verið álitin óhæf að birtast í nokkru blaði, því heldur í tímariti fyrir nokkrum árum síðan, og munu auk heldur nokkrir enn telja Eimreiðinni til lasts að vera ekki nógu þröngsýn til að neita þessu upptöku. NÝJA STJÓRNIN, eftir V. G., mjög falleg ritgerð, rituð auðsjáanlega af hreinni ættjarðarást, en ekki af blindu pólitísku flokksfylgi, það eru að vísu nokkur hörð orð í garð nýju stjórnarinnar, en þau eru svo vel rökstudd að erfitt mun verða að mótmæla. RITSJÁ eftir V. G. S. G. og A. Pálsson. Það er harður dómur sem Eiríkur Hansson fær hjá A. Pálssyni, og þó margt sé þar satt sagt, virðist höf. mjög þraung-sýnn um, hvað kallast geti skáldsaga, einkanlega virðist hann vera saklaus af viðkyrningu enskra skáldsagna. ÍSLENZK HRING-SJÁ, V. G. Þrjár nýútkomnar þýskar bækur um íslensk efni, gagnrýndar af Dr. Valtý. Þetta hefti Eimreiðarinnar er mjög vandað bæði að efni og frágangi, eins og vant er að vera.

B. P.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Útgáfunefnd eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Utánskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 663 Furby st., og eru allir útsölumenn og kaupendur ritsins bednir að snúa sér til hans því viðvikjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.